



Jón Þorgeir Hallgrímsson, Gunnlaugur Snædal

KEISARASKURÐIR Á ÍSLANDI 1865 TIL 1919

Sögulegt yfirlit - I. grein

INNGANGUR

Keisaraskurðir eru nú orðnir algengir í fæðingarhjálp. Þykir því ástæða til þess að rifja upp sögu þessara aðgerða hér á Íslandi, hvar og hvenær fyrstu aðgerðirnar fóru fram og af hverjum. Þá munum við skýra frá keisaraskurðum, sem heilbrigðisskýrslur geta um. Í upphafi töldum við að slíkra aðgerða myndu lækna geta í skýrslum sínum til landlæknis, en sú varð ekki raunin. Í ljós hafa komið nokkrir keisaraskurðir, sem ekki er getið í heilbrigðisskýrslum. Sætir það nokkurri furðu, að svo mikilla aðgerða skuli ekki getið á þeim árum þegar þær voru mjög fátíðar, en hafa jafnframt hlotið að teljast meiri háttar afrek. Við munum í upphafi endurskoða þá vitneskju, sem fyrir hendi er um fyrstu keisaraskurðina á Íslandi, en síðar reyna að gera grein fyrir þessum aðgerðum á hinum ýmsu sjúkrahúsum landsins og áhrifum þeirra á fæðingarhjálpina almennt. Með þetta í huga var farið yfir allar útkomnar heilbrigðisskýrslur og aðgerðaskrár Landakotsspítala en þær ná aftur til ársins 1907. Í þessari fyrstu grein lítum við á tímabilið frá 1865 til 1919 að báðum árum meðtöldum.

FYRSTU KEISARASKURÐIRNIR

Fyrsta keisaraskurðinum, sem gerður var á Íslandi árið 1865 af Jóni Hjaltalín og Gísla Hjálmarssyni, með hjálp veggja franskra lækna af herskipinu Pandora, þeirra Chastang og Texier, er lýst ítarlega af Vilmundi Jónssyni landlækni í ritgerðasafni hans »Lækningar og saga«. Þar er að finna greinargerð Jóns Hjaltalíns um þennan atburð og er hún tekin úr skýrslu fyrir umrætt ár og dagsett 19. mars 1866, þ.e. tæpu ári eftir að aðgerðin fór fram. Vilmundur getur þess einnig, að í skilmerkilegri fréttagrein, sem birtist í blaðinu Þjóðólfi skömmu síðar eða hinn 4. júlí 1865, sé nokkru fyllri frásögn um þennan atburð, bæði aðgerðina sjálfa og tildrög hennar og sé ekki

öðrum til að dreifa sem höfundum en læknunum sem aðgerðina frömdu, Jóni Hjaltalín eða Gísla Hjálmarssyni, öðrum eða báðum eða svo nánnum heimildarmönnum að jafngildir beinum höfundskap. Fer greinin hér á eftir óstytt:

»SECTIO CÆSAREA eðr keisaraskurðrinn er hið síðasta og ítrasta úrræði, er læknisfræði allara landa ráðgjörir enn í dag, og hefir ráðgjört um hinar seinni aldir, í barnsburðarneyð, þegar fæðingin er álitin ómöguleg, en fóstrið þó alllifandi í móðurlífi, til þess sjálfsagt að bjarga fóstroinu lifandi og ósködduðu, og einnig lífi móðurinnar, ef svo vel gæti tekizt. En það er hvorttveggja, að næsta sjaldan hefir að borið að grípa þyrfti til þess neyðarúrræðis læknisfræðinnar, enda hefir og jafnan þókt hið mesta vandhæfi á að við hafa keisaraskurðinn, en hann er í því fölginn, að skera upp líf hinnar lifandi móður til þess að ná fóstroinu lifandi. Svo segir í nýustu og beztu ritum læknisfræðinnar um þetta mál, að eptir dæmum þeim, er menn hafi, viðsvegar um Norðurálfuna, einkum frá byrjun þessarar aldar, þá muni að eins 6. hver móðir hafa lifað eptir keisaraskurð, en optar lífi barnið ef fóstrið er vel skapað og með fullu lífi, þegar skurðurinn er gjörðr.

Það mun áreiðanlegt, að engi viti eða þekki dæmi til þess fyr né síðar, að keisaraskurðinum hafi verið beitt nokkuru sinni hér á Indí, fyren nú hér í Reykjavík, 24. f. mán. ógiptr kvenmaðr Margrét Arnljótsdóttir að nafni á 31. ári, dvergr að öllum skapnaði, um 18(?) þumbl. á hæð, varð barnshafndi og kendi sín eðr lagðist á sæng 23. f. mán.: yfirsetukonan kvaddi þegar landlæknirinn Dr. Hjaltalín til að skoða sængrkonuna, en hann sendi þegar eptir Gísla kanseliráði Hjálmarssyni og kvaddi einnig með sér til ráðaneytis báða læknana af herskipinu Pandora, Chastang og Dexier herskiplækni, og voru þarðauki viðstaddir 4 þeirra 5 stúdentar er nú lesa hér læknisfræði hjá landlækninum. Engi þeirra 4 læknanna hafði sjálfr verið viðstaddir

keisaraskurðarbarnsnaud fyren nú, en öllum kom þeim um að ásamt, er þeir höfðu kannað skapnað sængskonunnar, að hún gæti ekki fætt, og væri hér því eigi nema um það tvent að skipta að bæði móðir og fóstr hlyti að deya eptir laung og mikil harmkvæli hennar, eðr að ráðast þegar í keisaraskurðinn til þess að stytta þjáningar móðurinnar og bjarga lífi beggja ef svo vel gæti tekizt. Skiptu þá lækarnir niðr verkum með sér, hvað hver skyldi vinna þótt allir væri við: Chastang og Dexier »cloroformiseruðu« móðurina (gjörðu hana tilfinningarvana og aflvana með »cloroform«), Dr. Hjaltalín gjörði náraskurðinn, en Gísli Hjálmarsson gekk síðan til og skar upp móðurlífið og varð móðirin þá léttari að mey barni með fullu lífi og er vo 14 merkr í laugatroginu. Þetta gjörðist um kl. 10-11 24. f. mán. Voru umbúðir gjörðar um skurðarsárin, leið þá smámsaman cloroforms vanmegnið af móðurinni, og varð hún hress og heilsaðist eptir öllum hætti allt fram á hina næstu nótt: en þá fór hún að fá viðvarandi hóstakjölr með ógleði, svo nóttin varð henni ókyr og næðislitil, færðust fyrir það úr lagi umbúðirnar og ýfðust sárin og máske blóðrásin hið innra, þegar leið á sunnudaginn (25. f. mán.) varð hún rænuskert og þar með allri lífsvon lokið enda skildi hún við hið sama kvöld undir náttmál. Barnið var skírt, að móðurinni lifandi: Júlíana Margrét, og lifir enn og dafnar eðlilega. 27. f.m. skáru þeir upp lík hennar, landlæknirinn og báðir hinir frönsku lækna, og sannaðist þá með líkskurðarrannsókninni, að fæðingin hafði verið alveg ómöguleg. Barnið lifir enn og hefir dafnað eðlilega til þessa.«

Eins og fram kemur í Þjóðólfsgreininni, lést móðirin skömmu eftir aðgerðina og Vilmundur getur þess að barnið, Júlíana Margrét, hafi látist rúmlega misserisgömul þann 31. desember 1865, föðurlaust tókubarn á Hrísbú í Mosfellssveit. Enn ítarlegri dagbókarskýrsla, rituð á dönsku er fyrirleggjandi um þessa aðgerð.

Byrjunin lofaði þannig ekki góðu, enda ekki um neitt sjúkrahús að ræða í Reykjavík á þeim tíma og ætlar Vilmundur Jónsson að aðgerðin hafi verið gerð á heimili sjúklingsins, þ.e. í Suðurbænum í Þingholtunum (líklega þar sem nú er Þingholtsstræti 7), þar sem stúlkan var niðursetningur. Annað sem teljast verður sögulegt við þessa aðgerð, sem Vilmundur Jónsson einnig bendir á, er það að öll rök hníga að því, að þetta hafi verið fyrsta svæfing á Íslandi í sambandi við barnsfæðingu.

Líða nú 45 ár án nokkurra heimilda um keisaraskurði á Íslandi, og þó! Annar keisaraskurðurinn sem gerður var á Íslandi og öruggar heimildir eru um, var gerður af Matthíasi Einarssyni á höfuðdaginn 1910 á St. Jósefsspítala í Reykjavík. Þessa keisaraskurðar er ekki getið í heilbrigðisskýrslum, en hins vegar í aðgerðarskrá frá því ári, sem enn er til á St. Jósefsspítala. Matthíasi sjálfum hefur þannig ekki þótt ástæða til að greina nánar frá þessari aðgerð, enda þótt vitað sé, að þetta var fyrsti keisaraskurðurinn hér á landi, þar sem móðir og barn lifðu af aðgerðina.

Þórunn Á. Björnsdóttir ljósmóðir gaf, árið 1929, út »Nokkrar sjúkrasögur« úr fæðingabók, þar sem hún lýsir aðdraganda þessarar aðgerðar, en sjúklingurinn var 36 ára gömul kona barnshafandi í fyrsta sinn. Af lýsingunni verður ráðið, að um algjör grindarþrengsli hafi verið að ræða og þegar sex voru dægrið frá því að sóttin hófst var konan flutt af Mýrargötu upp á Landakotsspítala. Getur Þórunn þess, að tæpur klukkutími var frá því að byrjað var að svæfa konuna, þangað til allt var búið:

»Hjálpin var innifalin í því að læknirinn gerði keisaraskurð á konunni. Það fyrsta sem sást af barninu var vinstri mjöðmin og lærið. Læknirinn tók fyrst í fót og sveigði hann út, þar næst sitjandann og hinn fótinn og svo áfram kroppinn. Handleggjunum var hjálpað fram líkt og við niðurkroppsstöðu. Höfðinu var erfitt að ná, og það sem olli því mun hafa verið að höfuðið hafði fest sig í efra opi grindarinnar, að samdrættir voru í leginu og að skurðurinn var heldur lítill fyrir höfuðið. Skurðurinn var þá stækkaður ofurlítið og þá losnaði höfuðið við næsta átak og barnið fæddist um þennan nýja fæðingarveg gjörðan af læknishöndum. Ég tók á móti blessuðu barninu þegar það kom. Það var taldautt, en lifnaði þó innan skamms við, við það, sveiflur, nudd og við það að sjúga upp úr því. Það voru mér unaðsrík hljóð þegar Guð gaf okkur að það mátti vitna um líf í blessuðu litla brjóstinu. Lof og þökk sé góðum Guði fyrir líf þeirra beggja. Strax eftir að barnið var komið tók læknirinn fylgjuna sem lá efst í leginu aftan til. Því næsta var secale dælt í læri konunnar til þess að örfa samdrætti. Svo voru slæður sem eftir voru í leginu teknar og þerrað allt blóð. Að því loknu var allt saumað vandlega saman. Síðan var blessuð konan borin upp á háalofst sofandi, en hún vaknaði skömmu síðar og hafði þá furðu litlar þrautir.«

Eftir þriggja vikna legu á Landakotsspítala lýsir

ljósmóðirin því er hún fylgdi henni heim »með þökk og gleði«:

»Hún gat gengið með mér af spítalanum niður á Mýrargötu 1, með því að hvíla sig tvisvar (á stól, sem ég hélt á með mér).«

Þetta var þá sú lýsing sem til er af þeim keisaraskurði sem annar er í röðinni, þeirra sem vitað er um með vissu. Eins og áður sagði hafa ekki fundist neinar frekari lýsingar á þessari aðgerð í gögnum Landakotsspítala.

Vikjum nú sögunni norður til Akureyrar. Á árunum 1918-22 skrifaði Steingrímur Matthíasson greinaröð í Læknablaðið, sem hann kallaði »Memoranda et memorabilia úr fæðingapraxis«, sem allar eru stórmerkar heimildir um framkvæmd fæðingarhjálpur á Íslandi á þeim árum. Í sjöundu greininni, sem birtist í Læknablaðinu 1920, lýsir Steingrímur keisaraskurði, sem hann gerði á Akureyri árið 1911 og er sá með nokkurri vissu þriðji keisaraskurðurinn hérlandis. Athyglisvert er, að 9 ár eru þá liðin frá aðgerðinni. Fer Steingrímur í greininni nokkrum orðum um grindarþrengsli, sem hann telur fremur sjaldgæf hér á landi, kveðst aðeins hafa greint grindarþrengsl í sjö skipti og að af börnunum hafi hann náð tveimur andvana, eitt hafi komið líflítið og dáið nokkrum klukkustundum eftir fæðingu en hin fjögur lifðu og öllum konunum heilsaðist vel á eftir. Í sex skipti kveðst hann hafa notað töng. Af þeirri reynslu fenginni segir Steingrímur:

»Hét ég því að ef ég aftur rækist á önnur eins þrengsli, þá skyldi ég láta töngina liggja og leita annarra ráða. Tækifæri til þess gafst mér sumarið 1911.«

Fer nú hér á eftir lýsing Steingríms á þessu tilfelli, tekin úr fyrrnefndu Læknablaði:

»Það var tvítug kona hér á Akureyri, I. para., dvergvoxin, á stærð við 13-14 ára stúlku. Fann ég það strax við rannsókn, að mikil ósamræmi var með stærð barnshöfuðsins og grindarholsins. Það var erfitt að komast að raun um grindarviddina, konan var svo viðkvæm, eins og gengur. Mér mældist að conjugata vera hlyti að liggja milli 8 og 9 ctm. Ég hefi seinna farið þess á leit við konuna, að fá að mæla grind hennar með nákvæmni en var synjað þess.

Fyrstu 16 stundirnar frá byrjun fæðingar (sem bar að á réttum tíma) gekk alt þolanlega. Móðurmunninn smávíkkaði og var orðinn 2

fingerbreiddir að þvermáli, en þá sprungu himnur og vatnið fór að miklu leyti. Nú beið ég í 20 klukkustundir. Hríðir voru reglulegar og miklar, en mjög sárar, en engin útvíkkun frammar. Hvirfill lá fyrir og á honum töluverður fæðingarsveppur, ekki verulega orðinn fastur í efra grindaropi. Hríðirnar virtust aðgjörðalausar þó sterkar væru. Konan var svefnlaus og kraftar hennar á þrotum. Vending fanst mér ekki koma til greina, þar sem vatn var farið, og í öllu falli næðist barnið þá ekki lifandi. Hebosteotomia (þ.e. symphyseotomia) gat komið til mála, en hana hafði ég heldur aldrei séð, enda misjafn dómur á hana lagður, og ef hún ekki kæmi að gagni þá yrði kephalotripsia slæm viðbót. Þá væri eins gott að biða rólega um stund og gera síðan perforatio etc. En leiðinlegt var að fórna frumburði. Ég gerði bæði manningum og konunni grein fyrir, hvernig málið horfði frá mínu sjónarmiði. Þau gáfu mér auðvitað öll ráð í hendur, en konan gerði fremur að hvetja mig en letja, hvað sem í húfi væri fyrir hana sjálfa.

Eftir mikla hugarkvöl, lestur í bókum mínum (einkum Bumm: Ingerslev ætlaði þá sem fyr að gera mig ærðan með sínum absolut og relativ centimetra-hnitmiðandi indikationum o.s.frv.; Eulenburgs Encyclopedie var stagsóm í spursmálunum og stórleiðinleg), vóg ég í huganum pro og contra. Embarras de choix. Það sem gerði vandann í valinu var eiginlega mest, að vatnið var farið og ég hafði explorerað þrisvar eða svo. Jæja: jacta esto alea! Ég lét flytja skurðarborð og áhöld frá spítalanum inn í borðstofu hjónanna og gerði skurðinn með aðstoð þáverandi stud. med. Jónasar Rafnar, hjúkrunarkonu og yfirsetukonu. Skurður í miðlínu um 25 ctm. langur, nærri jafn langt ofan við sem neðan við nafla. Uterus látinn reisa sig úr sárinu og aðstoðarmaður greypa um collum með tveim höndum. Þverskurður um fundus ca. 12 ctm. Það blæddi mikið í bili, en stöðvaðist fljótt um leið og barnið var dregið fram, en það skifti engum togum. Og fylgjan þrýstist fram viðstöðulaust eftir að skilið var á milli. Barnið var með góðu lífi.

Legsárið saumaði ég með silki, nokkrum djúpum saumsporunum niður að mucosa, og mörgum grynri sporunum gegnum serosa og vöðva. Peritoneum með katgut, en magálinn annars með Heppnert saumsporunum (fiskgut). Barnið var fullburða og vóg 16 merkur.

Konunni heilsaðist ágætlega. Sárið greri pr. primam og saumar teknir á 12. degi. Og ég var mjög glaður.

Síðan hefir mig oft langað að fá góða ástæðu til keisaraskurðar, en ekki verið svo heppinn.«

Ekki verður skilist við þetta efni, að ekki verði minnst á »týnda keisaraskurðinn«. Vilmundur Jónsson ritar í »Lækningar og saga«, fyrra bindi frá 1969, ítarlega um þetta efni en svo vill til að skýrt var frá keisaraskurði Steingríms Matthíassonar árið 1911 í blaðinu »Norðurlandi«, hinn 29. júlí 1911, og þar segir svo: »Keisaraskurður hefur ekki verið gerður hér á landi nema þrem sinnum áður«, m.ö.o. keisaraskurður Steingríms á að vera sá fjórði hér á landi, en ekki hinn þriðji. Þessi vitnisburður ætti því að vera markverðari sem það er ekki venjulegur blaðamaður sem svo ritar, heldur jafnframt læknir, þ.e. Sigurður Hjörleifsson, sem þá var ritstjóri »Norðurlands«.

Vilmundur Jónsson getur þess að allmikið hafi verið til þess reynt að hafa upp á þessum keisaraskurði, er virtist vanta í tölu hinna allra fyrstu keisaraskurða hér á landi. En sú eftirgrennslan hefur til þessa ekki borið tilætlaðan árangur, segir hann. Í framhaldi af þessum upplýsingum ræðir Vilmundur Jónsson almennt um skýrslugerð lækna og telur fráleitt, að eftir aldamót þurfi að leita hins »týnda keisaraskurðar« utan Akureyrar og Reykjavíkur. Hann telur, að Akureyri sé með öllu óhætt að fella hér undan, því að skýrslur þaðan í tíð Guðmundar Hannesonar og Steingríms Matthíassonar hafi jafnan verið í besta lagi. Vilmundur kveðst reyndar minnst ummæla Guðmundar, seint á ævi hans, er staðfestu, að keisaraskurð hafi hann engan gert. Lét hann þess getið með nokkrum söknuði, »að hnífur sinn hefði aldrei komist í svo feitt«. Þá telur Vilmundur eðlilegt að í sambandi við bollaleggingar um keisaraskurði í Reykjavík á fyrsta áratug þessarar aldar, komi mönnum fyrst til hugar Guðmundur prófessor Magnússon: »En það ætla ég mig muna fyrir víst frá námsárum mínum, að þá hafi hann engan keisaraskurð gert, ef hann gerði þá slíkan skurð nokkru sinni«.

Vilmundur telur, að þá sé engum öðrum til að dreifa en Matthíasi Einarssyni, er hóf læknisstörf í Reykjavík árið 1905.

Dr. Halldór Hansen leitaði vandlega fyrir Vilmund Jónsson að keisaraskurði í dagbókum St. Jósefsspítala, allt frá því að spítalinn hóf starfsemi sína 1902 og fram yfir 1911. Þessi leit

var nú endurtekin og það staðfest, að þar finnst enginn keisaraskurður skráður, nema fyrrnefndur keisaraskurður Matthíasar Einarssonar árið 1910, en þar er einnig ein færsla frá árinu 1907, þar sem getið er um 30 ára gamla konu, búsetta í Reykjavík með sjúkdómsgreininguna »eclampsia gravidarum« og hafi konan verið innlögð á St. Jósefsspítala hinn 10. febrúar 1907 og látist þann 12. s.m. Læknir var Einarsson og síðan er undir athugasemdom: Operatio.

Vilmundur getur þess, að af samanburði við manntal, megi sjá, að rétt nafn sjúklings sé Ragnhildur og að hún hafi verið aðkomustúlka (námsmey) í Reykjavík, en heimilisföst í Saurbæ í Ásahreppi í Húnavatnssýslu. Ennfremur að samkvæmt kirkjubók hafi hún alið tvíbura (meybörn) 10. febr. 1907 og lést á St. Jósefsspítala 12. s.m. Börnin finnast ekki skírð og munu þau hafa fæðst andvana eða dáíð mjög fljótlega eftir fæðingu, enda eins líklega ótímaburðir: Ekki er dauða barnanna heldur getið í kirkjubók, hafa þau verið lögð nafnlaus í kistu móður sinnar og farist fyrir að skrá þau dain og grafin.

Þess ber að geta, að á þeim árum virðast læknar oft hafa aðeins skráð »operatio«, þegar um meiriháttar aðgerðir var að ræða, þannig að þessi færsla afsannar á engan hátt að hér hafi raunverulega verið um að ræða keisaraskurð. Þrátt fyrir all ítarlega eftirgrennslan kemst Vilmundur þó að þeirri niðurstöðu að svo hafi ekki verið. Erfitt er að setja sig í spor Matthíasar Einarssonar árið 1907, en sú spurning vaknar óhjákvæmilega: Hvers kyns »operatio«, var hér um að ræða? Við teljum allt eins mögulegt að hér geti hafa verið um keisaraskurð að ræða, þá gerðan í skyndi til þess að bjarga burðinum, e.t.v. frá deyjandi móður.

Vilmundur segir að árið 1907 muni ekki hafa verið tilkomið að telja fæðingarkrampa eðlilegt tilefni keisaraskurðar og að umrædd operatio pro eclampsia gravidarum hafi aðeins verið »himmustunga eða aðrir tilburðir til að flýta fæðingu«. Hann telur því, nema annað komi óvænt í ljós, að við það verði að sitja, að enginn keisaraskurður hafi glatast úr tölu hinna allra fyrstu keisaraskurða hér á landi og sé um missögn eina að ræða í fyrrnefndum ummælum blaðsins »Norðurland«.

Samkvæmt þessu voru þannig á Íslandi gerðir þrjú keisaraskurðir á árunum 1865-1919, sá fyrsti í

heimahúsi í Reykjavík, annar á St. Jósefsspítala í Landakoti og sá þriðji í heimahúsi norður á Akureyri.

HEIMILDIR

1. Vilmundur Jónsson. Lækningar og saga. Fyrra bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1969.
2. Heilbrigðisskýrslur 1881-1920.
3. Aðgerðaskrá St. Jósefsspítala Landakoti, 1907.
4. Aðgerðaskrá St. Jósefsspítala Landakoti, 1910.
5. Þórunn Á. Björnsdóttir. Nokkrar sjúkrasögur. Reykjavík: Gefið út á kostnað höfundar 1929.
6. Steingrímur Matthíasson. Memoranda et memorabilia úr fæðingapraxis. Læknablaðið; 5: maí 1920.
7. Þjóðólfur. 17. ár, Reykjavík júlí 1864.